

**Nefndarsvið Alþingis**

**Velferðarnefnd**

**Austurstræti 8-10**

**150 Reykjavík**

Reykjavík 6. desember 2022

**Efni: Umsögn Félags iðn- og tæknigreina (FIT) um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði þingskjal 24- 24. mál.**

FIT tekur undir umsögn ASÍ um frumvarpið og telur óþarft að rekja þau atriði sem þar koma fram en vill vekja athygli á nokkrum atriðum.

Eins og kemur fram í umsögn ASÍ þá er forgangsákvæði íslenskra kjarasamninga ekki útilokunarákvæði. Í frumvarpinu er ruglast á forgangréttarákvæðum og aðildarskylduákvæðum en þau eru ekki til á Íslandi. Af þessu tilefni vill FIT leggja áherslu á það að á Íslandi hafa launþegar óskilyrtan rétt til að standa utan stéttarféлага. Launþegum er hinsvegar gert skylt að greiða til að tryggja það að stéttarfélög geti staðið undir því að gera kjarasamning og framfylgja honum. Þetta er grunnskilyrði þess að til staðar séu ákveðin lágmarkskjör og ekki sé hægt að brjóta á launþegum án þess að til komi vernd tilhanda þeim. Að afnema þetta er eins og hverfa aldir aftur í tímann og taka upp fyrirkomulag þar sem launþegi þarf að sitja og standa eftir duttlungum atvinnurekanda án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér en til að koma í veg fyrir það voru stéttarfélög m.a. stofnuð. Með afnámi forgangs og skyldu til greiðslu gjalds til stéttarféлага þá er kerfinu gjörbreytt og atvinnurekendur geta þá t.d. farið að leitast eftir að ráða utanfélagsmenn, eins og þekkt þar sem frjálsslynd lífskjaramódel eru eins og t.d. í Bandaríkjunum, eða að aftengja kjarasamning til að spara eins og sjá má dæmi um t.d. í dómum Félagsdóms í málum nr. 20/2021 og 12/2020. Því er mikilvægt að stéttarfélög hafi afl til að geta tryggt lágmarkskjör í landinu og að kjarasamningum sé fylgt að öðru leyti. Þetta er líka mjög mikilvægt þegar verið er að flytja inn erlent vinnuafl sem þekkir ekki rétt sinn á Íslandi.

Þá er í frumvarpinu veist að þeim tryggingum sem stéttarfélög veita sínum félagsmönnum en þau réttindi eru veitt með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi samtrygging verði í höndum tryggingarféлага á almennum markaði til framtíðar, þ.e.a.s. að launþegar t.d. kaupí sínar sjúkratryggingar hjá tryggingarfélagum á almennum markaði sem hafa hagnað sinn að leiðarljósi í rekstri sínum eins og dæmin sanna með sínum óskiljanlegu skilmálum í smáa letrinu og dómsmálum.

Þetta frumvarp er enn ein árás ákveðinna afla á hið íslenska velferðarkerfi en grunnhugmynd þess er velferð allra og möguleikar þeirra til mannsæmandi lífs. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi sterkra stéttarféлага fyrir þróun og tilvist slíkra velferðarkerfa. Hið íslenska velferðarkerfi telst vera jafnaðarkerfi þar sem lögd er áhersla á að altækan rétt til félagslegs öryggis og stefnt að því að jafna lífskjör með greiðslum frá hinu opinbera og félagslegri þjónustu. Í greinargerð með lagafrumvarpinu er verið að vísa til landa þar sem íhaldsöm velferðarstefna hefur verið rekin þar sem áherslan er m.a. á að sem minnst skuli hróflað við stéttarskiptingu.

Ísland er enn sjálfstæð fullvalda þjóð og tilvitnun til þess hvað sumar þjóðir aðhafast eru ekki endanleg sannindi heldur aðeins eitthvað til að hafa til hliðsjónar. Þá hljótum við áfram að vilja standa við okkar

velferðarkerfi en ekki taka upp önnur kerfi sem byggja ekki á sömu velferð allra. Hið íslenska velferðarkerfið er grunnur þess samfélags sem við viljum byggja þar sem hagsmunir allra til mannsæmandi lífs eru tryggðir. Það tók langan tíma að berjast fyrir þesum réttindum og samfélagsuppbyggingu. Þá þarf að fara fram mun dýpri umræða um það hvort við viljum sem þjóð hverfa frá þessu lífskjaramódeli heldur en hér er gert.

FIT leggst því alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps og þeim hugmyndum sem þar koma fram.

FIT skora á Alþingi að gæta að grunnstoðum velferðarkerfisins bæði í þessu máli sem og öðrum sem rót eiga að rekja til sömu hugmynda. Fulltrúar FIT eru reiðubúnir til að koma á fund Velferðarnefndar til að ræða efni frumvarpsins og þær athugasemdir sem fram koma í umsögn þessari. Þá kallar FIT eftir auknu samráði og samstarfi við stjórnvöld vegna mála sem snúa að stéttarfélögum og vinnumarkaðnum.

Virðingarfyllt



---

Hilmar Harðarson formaður

formaður